

Ársþing Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar var haldið miðvikudaginn 15. maí 2013 að Hóli, Siglufirði og hófst það kl. 18:00.

Dagskráin þingsins er eftirfarandi, sbr. 13. gr. laga UÍF:

1. Formaður UÍF setur þingið.
2. Kosning þingforseta og þingritara.
3. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar.
4. Álit kjörbréfanefndar.
5. Lögð fram árskýrsla stjórnar svo og skoðaðir reikningar seinasta árs.
6. Umræður um ársskýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Ávörp gesta.
8. Kosning þingnefnda: kjörnefnd (3), allsherjar- og laganefnd (5) og fjárhagsnefnd (3)
9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.

ÞINGHLÉ

12. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
13. Kosningar. Álit kjörnefndar
14. Kosning stjórnar, sbr. 16. grein. Skal formaður kosinn sér, en hina í einu lagi. Stjórnin skiptir með sér verkum, í þau störf er um getur í 16. grein.
15. Kosning skoðunarmanna, (tveir aðalmenn og tveir varamenn).
16. Önnur mál.
17. Þingslit.

Þingögn samanstóðu af skýrslu og ársreikningi UÍF, lögum UÍF auk ársskýrslna og ársreikningum frá aðildarfélögum UÍF.

Fundargerð

1. Varaformaður UÍF, Sigurpáll Gunnarsson setti þingið; og bauð alla velkomna á ársþing UÍF. Hann bauð Viðar Sigurjónsson og Friðrik Einarsson fulltrúa ÍSÍ, Hauk Valtýsson varaformann UMFÍ og Nönnu Árnadóttur formann frístundanefndar sérstaklega velkomin. Hann óskaði eftir því að þingið yrði gagnlegt.

2. Kosning þingforseta og þingritara.

Stungið var upp á Gísla Rúnari Gylfasyni sem þingforseta og Brynju Ingunni Hafsteinsdóttur sem þingrita. Það var samþykkt einróma.

Þingforseti tók þá til máls, þakkaði traustið og bauð gesti velkomna.

3. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar.

Stungið var upp á Maríu Jóhannsdóttur TBS og að með henni í nefndinni yrðu Þórarinn Hannesson Glóa og Sigurbjörn Þorgeirsson frá GÓ.

Það var samþykkt einróma.

4. Álit kjörbréfanefndar.

Á meðan kjörbréfanefnd fór yfir kjörbréfin kynnti þingið sér gögn þingsins. Einnig afhenti Ella Maja öllum þingfulltrúm barmmerki UÍF og hverju aðildarfélagi fána UÍF og veifu.

Þá kynnti Þórarinn formaður kjörbréfanefndar álit sitt.

Af 39 skráðum fulltrúum samkvæmt kjörbréfum voru 26 mættir. Kjörbréfnefndin sá ekkert athugavert við kjörbréfin og telur þau gild.

5. Lögð fram ársskýrsla stjórnar og skoðaðir reikningar síðasta árs.

Sigurpáll varaformaður UÍF las upp skýrslu stjórnar. Hann fór í stuttu máli yfir störf stjórnar, hvaða verkefni væru framundan og hverju væri lokið. Hann fór yfir þau stóru mál sem stjórnin hefur unnið að og lokið. Það hafi helst verið val á íþróttamanni Fjallabyggðar, reglum um skiptingu bæjarstyrksins auk hönnunar bréfsefnis fyrir UÍF með aðstoð Magnúsar Sveinssonar. Óskað hefi verið eftir tilboðum í veifur og barmmerkjum UÍF svo og bækling um aðildarfélög UÍF. Hann sagði frá kynningu ÍSÍ á vinnu við að öll aðildarfélög UÍF yrðu fyrirmyndarfélög. Hvatti hann aðildarfélög til áframhaldandi vinnu. Hann sagði frá hvaða fundi og þing stjórnarmenn UÍF hefðu sótt svo og í hvaða nefndum þeir sitja. Einnig frá heimsókn íþróttanefndar ríkisins. Jafnramt sagði hann frá fundi UMFÍ í Fjallabyggð auk kynningar á ánægjuvuginni og hvatti hann félögin til að skoða niðurstöðurnar. Niðurstöður um íþróttapátttöku barna í Fjallabyggð ættu að vera íþróttafélögum áhyggjuefni. Þátttaka þeirra er 11% undir meðaltali á landsvísu. Málefni Aladíns ræddi hann einnig og stöðu vallarhússins. UÍF mun hafa umsjón með vinnu um slit félagsins.

Varaformaður sagði frá fundum með formönnum félaganna sem voru haldnir á Siglufirði og Ólafsfirði og að þeir hafi verið mjög gagnlegir að mati stjórnar. Formannafundir voru haldnir tvisvar sinnum á árinu og voru þeir fundir vel sóttir.

Íþróttamaður Fjallabyggðar var einnig valin og var það Sævar Birgisson göngumaður frá SÓ sem hlaut titilinn. Að valinu stóð UÍF og Kiwanisklúbburinn Skjöldur Siglufirði. Stefnt yrði að því að gera athöfnina enn veglegri að ári.

Úthlutanir úr verkefnasjóð hafa verið tvær og sóttu SÓ og SSS um styrk. Tvær umsóknir liggja fyrir. Hvatti hann aðildarfélög til að sækja í sjóðinni fyrir styrkhæf verkefni. Hann sagði frá skipulagningu og framkvæmd Vetrarleikanna. Þakkaði hann fyrir gott samstarf við aðildarfélögin. Styrkir hlutust vegna vetrarleikanna. Sigurpáll fór yfir þá styrki sem UÍF hafa verið veittir.

Einnig var nýting Hóls rædd svo og fór hann yfir þær framkvæmdir sem unnið hefur verið að þar. Enn er þó þörf á frekari úrbótum og voru þær raktar. Undirbúningur sé hafinn við að fegra umhverfi Hóls og vonast sé til að fljótlega sjáist afrakstur þess. Sagði hann frá lánnum frá UÍF til Hóls og að það verði greitt til baka.

Einnig sagði Sigurpáll frá hugmyndinni um íþróttaskóla barna. Markmið með skólanum væri að fá fleiri börn til að stunda íþróttir.

Að lokum þakkaði Sigurpáll aðildarfélögunum fyrir gott samstarf svo og öllum félagsmönnum.

Sigurður Gunnarsson gjaldkeri UÍF gerði grein fyrir ársreikningi UÍF

Rekstrartekjur UÍF voru: 20.218.501

Rekstrargjöld voru: 20.041.347 kr.

Fjármunatekjur voru: 19.080 kr.

Hagnaður ársins var: 196.234 kr.

Varanlegir rekstrarfjármunir voru: 34.559.490 kr.

Veltufjármunir voru: 3.702.823 kr.

Eigið fé var: 37.626.341 kr.

Skammtímaskuldir voru: 635.972 kr.

Eigið fé var: 38.262.313 kr.

6. Umræður um ársskýrslu og reikninga fóru fram og voru svo lagðir fram til samþykktar.

Forseti gaf orðið laust um reikninga og skýrslu UÍF. Enginn bað um orðið og var ársreikningur UÍF lagðir fram til samþykktar. Var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ávörp gesta.

Haukur Valtýsson varaformaður UMFÍ ávarpaði þingið og færði þinginu bestu óskir frá formanni og stjórn UMFÍ. Hann sagði frá þeim landmótum sem haldin verða á vegum UMFÍ á árinu. Bundar eru vonir við það að keppendum fjölgi á 50+ mótum. Hann telur að UÍF eigi góða möguleika á að halda Landsmót 50+ og hvatti UÍF til að huga að þessum möguleika. Umfangið sé verulegt og fari vaxandi. Stóra landsmótið verði á Selfossi í höndum HSK. Þar sé afar góð aðstaða fyrir allar keppnisgreinar. Unglingalandsmótið verði á Höfn um verslunarmannahelgina. Hann hvatti sveitarfélögin til að leita meira til Íþróttahreyfingarinnar í forvörnum og að fela þeim verkefni í forvörnum. Sjálfboðaliðar Íþróttahreyfingarinnar skipti sköpum fyrir hana. Hann hvatti aðildarfélögin til að leita til þjónustumiðstöðvar UMFÍ. Hann nefndi verkefni Göngum um Ísland, frjálsíþróttaskólann, komdu að ganga, hjóla eða synda ofl. Hugmyndir um Lýðháskóla voru einnig nefndar. Hann benti á heimasíðu UMFÍ og Ómar Braga á Sauðárkróki svo og Evrópu unga fólksins og hlutverk hennar. Styrkir úr fræðslusjóð UMFÍ voru einnig nefndir af Hauki svo og hugmyndina Vetrarleika UMFÍ.

Hann afhent Guðrúnu Árnadóttir starfsmerki UMFÍ og sagði hann frá starfi henni fyrir Íþróttahreyfinguna. Guðrún var ekki á fundinum og tók Þórey Guðjónsdóttir fulltrúi Snerpu við merkinu fyrir hennar hönd.

Friðrik Einarsson fulltrúi ÍSÍ ávarpaði einnig þingið. Hann færði þinginu kveðjur forseta og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Hann ræddi skýrslu stjórnar UÍF og benti á að aðildarfélög hefðu mátt þakka fyrir gott starf stjórnar. Hann taldi sameiningu ÍBS og UÍÓ hafa tekist vel. Hann fagnaði því að sjá gögnin um aðildarfélögin. Hann fagnaði ársreikningum UÍF og taldi reksturinn góðan og efnahaginn traustan. Hann nefndi tekjur UÍF af Lotto og hversu miklu máli þær skiptu félögin. Hann áréttaði hversu mikilvægt það væri fyrir aðildarfélögin að sækja fundi og þing sérsambandanna og taka þátt í umræðum þar. Hann sagði frá fulltrúm SÓ á ólympíleikum æskunnar svo og hvar Sævar Birigsson muni taka þátt. Ferðastyrk ÍSÍ nefni hann einnig og hvatti félögin til að sækja um. Hann benti á að nú væru að koma nýjir þingmenn og ráðherra og að máli skipti að tala við „sína“ þingmenn og áréttu fjárþörf Íþróttahreyfingarinnar. Hann fagnaði því að aðildarfélögin væri að fara í fyrirmyndarfélagsvinnu og hvatti þau til að leita aðstoðar Viðar. Hann þakkaði stjórn UÍF fyrir stuðninginn á Íþróttapingi og þakkaði fyrir gott samstarf.

Viðar Sigurjónsson fulltrúi ÍSÍ tók einnig til máls. Hann fór yfir hvernig starf hans hefði breytst en hann hefur haldið eftir vinnunni við fyrirmyndarfélag og þjálfaramenntun ÍSÍ.

Hann hvatti félögin til að vera með vel menntaða þjálfara og sagði frá fjarnáminu þar að lútandi. Einnig minntist hann á markmið UÍF um að öll aðildarfélög verði orðin fyrirmyndarfélög árið 2015 og hvatti félögin til að hafa samband við sig. Hann minnti á bæklinga ÍSÍ og hvatti félögin til að dreifa þeim sem víðast, m.a. til foreldra. Íþróttaskólar eru einnig hans hugðarefni og fór hann yfir gildi þeirra og framkvæmd.

Gísli Rúnar sendi kveðjur frá bæjarstjóra og bæjarstjórn.

8. Kosning þingnefnda.

Forseti óskaði eftir tillögum um þrjá aðila í kjörnefnd. Lagt er til að Rósa Dögg KF, Kristján Hauksson SÓ og Þorvaldur Hreinsson Gnýfara taki sér nefndarstörf og var það samþykkt samhljóða.

9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Sigurður Gunnarsson gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlunina og fór yfir hana lið fyrir lið. Tekjur verða alls 20.690.000 kr. og gjöld verða samtals 20.675.000 kr. Tekjuafgangur kr. 15.000.

10. Tillögur og önnur máls sem borist hafa til stjórnar.

Engar tillögur bárust til stjórnar.

11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.

Engar tillögur voru lagðar fram af stjórn UÍF um breytingar á lögum og reglugerðum.

Þinghlé. Í þinghlé voru veitingar í umsjón SSS

.

12. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.

Engin nefnd var að störfum nema kjörnefnd.

13. Kosningar, álit kjörnefndar

Kosning formanns; Tilnefningar komu fram um Guðný Helgadóttir og komu engin mótframboð. Var hún kosin einróma og telst rétt kjörinn formaður.

Þeir sem voru í framboði til stjórnarkjörs kynntu sig. Kosið var um tvo aðalmenn og tvo til vara. Merkt var við fjóra einstaklinga á kjörseðli. Þá voru greidd atkvæði og kjörnefnd tók til starfa.

14. kosning stjórnar, sbr 16. grein laga UÍF

Atkvæði í stjórn UÍF voru eftirfarandi:

Arnar Freyr Þrastarson með 15 atkvæði

Ásgrímur Pálmason með 4 atkvæði

Grétar Björnsson með 7 atkvæði

Guðrún Árnadóttir með 1 atkvæði

Ingimundur Loftsson með 4 atkvæði

Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen með 15 atkvæði

María Elín Sigurbjörnsdóttir með 22 atkvæði

Þórarinn Hannesson með 23 atkvæði

Rúnar Marteinnsson með 7 atkvæði

Sigurbjörg Gunnólfsdóttir með 4 atkvæði

Réttkjörnir aðalmenn eru því Þórarinn og María Elín. Varamenn eru Júlía og Arnar.

15. Kosning skoðunarmanna.

Lögð er fram tillaga um Kristján Hauksson og Þórarinn Hannesson. Það er samþykkt samhljóða. Varamenn voru ekki tilnefndir.

16. Önnur mál

Lögð voru fram drög að bæklingi UÍF um aðildarfélögin og var hann skoðaður af þingfulltrúum. Þeim var gefinn vikufrestur til að gera athugasemdir.

Róbert kom á framfærði áhyggjum sínum varðandi íþróttamannvirki og þá sérstaklega varðandi aðbúnað knattspyrnunnar og frjálsra íþróttar. Jafnframt hvað varðar skíði og golf í ljósi stefnu sveitarfélagsins. Einnig benti hann á þær tekjur sem UÍF hafi. Hann veltir því fyrir sér hvort að UÍF geti haft áhrif á þessa þróun. Hann ræddi einnig samstarf milli félaga og árekstra vegna skorts á samstarfi þeirra á milli. Hann óskaði eftir álitum fulltrúa ÍSÍ og UMFÍ um sameiningu félaga svo og jafnvel að vera aðeins með eitt félag í Fjallabyggð og þá yrði það deildarskipt. Hvort að slík sameining yrði ekki börnunum til hagsbóta. Friðrik fékk ÍSÍ tók til máls og kvaðst hann vera hlynntur sameiningu minni félaga og að sameinuð félög eigi betri framtíð. Íþróttaskólahugmyndin er að hans mati alveg í þeim anda. Rósa frá KF bætti við að leggja þurfi áherslu á sameiningu skíðafélaganna og golfklúbba. Hún finni fyrir rígg milli félaganna. Sigurður frá GÓ

taldi að íþróttagreinarnar myndu gjalda fyrir það ef að félögin yrðu sameinuð t.d. í skíðum. Rósa taldi alveg blasa við að niðursveiflan verði fyrst um sinn en síðan lagist það. Sigurður taldi að forsenda sameiningu séu reglulegar ferðir á milli bæjarkjarnanna. Fulltrúi UMFÍ sagðist styðja sameiningu félaga. Hann taldi að það hlyti að vera framtíðin. Hann telur jafnframt að sveitarfélagið verði að koma því. Grunnurinn sé íþróttaskólahugmyndin þar sem öll börn hefja sína íþróttaiðkun. Viðar frá ÍSÍ vildi bæta við að sameining hafa fleiri kosti en að starfa í tveimur félögm. Hann taldi að nauðsynlegt væri að skoða þetta í tengslum við hverja grein, þ.e. í ljósi aðstöð, fjármagns ofl. og athuga hvort kostirnir séu fleiri en gallarnir. Rúnar frá SSS fór yfir fjármagnið sem fer í að halda úti íþróttamannvirkjum og það gangi ekki að halda þessu út á tveim stöðum. Þar verði menn að játa sig sigraða. Guðný formaður UÍF tók einnig til máls og benti á að tekjur íþróttahreyfingarinnar væru ekki hundrað milljónir heldur væri sú upphæð velta UÍF. Sveitarfélagið er að hennar mati að styðja vel við íþróttahreyfinguna. Bæjarstyrkurinn í ár sé um 6.500.000 kr. nema hvað að upphæðin hafi ekki fylgt vísitölu. Auk þess séu ótalin framlög sveitarfélagsins til aðildarfélaganna beint. Hún ræddi einnig um íþróttaskólann og hvað hefði verið unnið að því innan UÍF. Þessi vinna hefði einnig verið unnin með íþrótt- og tómstundafulltrúa og hefur verið höfð hliðsjón af íþróttaskóla sem rekin er af sveitarfélaginu á Ísafirði og aðildarfélögum. Keppni skiptir þarna minni máli heldur eru börnin að læra íþróttirnar, þ.e. að læra hreyfinguna og að finna hvar áhugi þeirra er. Sigurpáll frá SÓ tók einnig til máls og benti á að SÓ hafi verið með 100 prósent mætingu á yngstu árgöngunum á skíði og það hefði ekki náðst ef að skíðasvæðið væri ekki á staðnum. Foreldrar myndur ekki keyra þessum árgöngum yfir á annað skíðasvæði.

Úthlutnarreglur vegna bæjarstyrksins; í 3. gr. segir að félag þurfi að vera með fimm iðkendum eða fleiri. Gísli óskaði eftir skoðunum félaganna á hvort að beita ætti þessu ákvæði fullum fetum eða ekki. Hingað til hefði stjórn UÍF ekki beitt ákvæðinu samkvæmt orðana hljóðan. Einnig hvað varði kröfu um félag hafi stundað íþróttaiðkun innan UÍF í amk. þrjú ár. KF taldi að líta megi framhjá kröfunni um fimm iðkendir. Guðný formaður UÍF tók undir að líta ætti framhjá kröfunni um fimm iðkendir. Þorvaldur frá Gnýfara taldi að reglurnar eigi að vera skýrar og hann taldi að hafa lágmark 5 iðkendir væri ekki uppbyggjandi. Hann taldi að byrjunarárin ættu aðeins að vera tvö. Rúnar frá SSS taldi að ekki ætti að slá af kröfunum um fjölda iðkenda og að það myndi hvetja félögin frekar til sameiningar. Tók hann þar dæmi af hestamannafélögunum. Viðar frá ÍSÍ benti á að þessi dagskrárliður ætti heima hjá nefnd þingsins t.d. allsherjarnefnd. Hann skilur það þannig að óskað sé eftir að þingið samþykki að líta framhjá þessu. Hann telur það ekki réttan stað, þ.e. undir önnur mál. Slíkt sé aðeins til þess fallið að skapa deildur.

Ákveðið að stjórn haldi áfram með vinnu hvað þetta varðar.

Viðar tók til máls og kvað litla vísu: Kappi nú með kunnum hreim, sem kynnti eigin sýslu, þar hann kenndi þingsins heim að þakka eigin skýrslu.

Fannir hylja frosið lyng, ég finn á lofti bliku en sæll fyrir svona þing ég svelt í heila viku.

Skíðasaga Fjallabyggðar: Gisli Rúnar kynnti heimasíðu með skíðasögu Fjallabyggðar. Aðildarfélögum verður send slóð inná heimasíðuna.

Gísli velti upp þeirri hugmynd að samþætta verðlaunapeninga innan sveitarfélagsins. Öll aðildarfélög væru sem samræmda verðlaunapeninga. Þá mætti jafnvel fá betri kjör og þeir væru þá til.

Guðný tók að lokum til máls og þakkaði fyrir traustið sem henni var sýnt í formannskosningunum. Hún þakkaði stjórninni sérstaklega fyrir samstarfið og undirbúning fyrir ársþingið. Mikill kraftur sé í stjórninni og þar sé samvinnan í hávegum höfð. Hún sagði að nokkur deyfð hefði verið yfir félögunum í svörum við fyrirspurnum stjórnar UÍF og hvatti hún þau til að vera virkari.

Gísli þakkaði fyrir góðan fund og frábærar veitingar.

Sigurpáll sleit ársþinginu og þakkaði fyrir frábærar veitingar SSS. Hann þakkaði gestum fyrir komuna svo og þingforseta og þingritara. Einnig þakkaði hann þingfulltrúum svo og fráfarandi stjórnarmanni fyrir samstarfið. Hann bauð nýjan stjórnarmann velkomin og fagnaði áframhaldandi setu formanns.

Ársþingi UÍF var slitið kl. 21:39.

Þingfulltrúar:

Golfklúbbur Siglufjarðar: Arnar Freyr Þrastarson og Magnús Magnússon

Hestamannafélagið Glæsir: Rúnar Marteinson

Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar: María Jóhannsdóttir, Vilborg Rut Viðarsdóttir og Bjarni Árnason

Skíðafélag Ólafsfjarðar: Kristján Hauksson og Sigurpáll Gunnarsson

Ungmennafélagið Glói: Þórarinn Hannesson, Patrekur Þórarinsson og Margrét Einarsdóttir

Íþróttafélagið Snerpa: Þórey Guðjónsdóttir og Helga Hermannsdóttir

Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg: Tómas Einarsson, Rúnar Marteinson og Sigurbjörg Gunnólfsdóttir

Golfklúbbur Ólafsfjarðar: Sigurður Gunnarsson og Sigurbjörn Þorgeirsson

KF: Dagný Finnsdóttir, Rósa Dögg Ómarsdóttir, Magnús Þorgeirsson, Róbert Haraldsson, Björn H Sveinsson, Teitur Pétursson, Einar Ingi Magnússon og Margrét Kristinsdóttir

Hestamannafélagið Gnýfari: Þorvaldur Hreinsson

Enginn mætti frá Vélsleðaklúbbi Ólafsfjarðar og Skotfélagi Ólafsfjarðar